

28.10.2002

Umhverfisnefnd Alþingis.

Umsögn SKOTVÍS um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. Flutningsmaður Steingrímur J. Sigfússon.

Skotveiðifélag Íslands telur frumvarpið of seint fram komið. veiðimenn, ferðaþjónustubændur og aðrir hafa nú þegar skipulagt tíma sinn og því ekki gerlegt að grípa til róttækra aðgerða á þessu stigi málsins. Þá vill félagið benda á það að rjúpnastofninn er ekki í útrýmingarhættu og að í bígerð eru nokkuð róttækar aðgerðir í undirbúningi af hálfu Umhverfisráðuneytisins. Sátt er um þessar aðgerðir meðal sérfræðinga og skotveiðimanna og munu þær ná til næstu 5 ára. Þá skal á það bent að SKOTVÍS hélt alþjóðlega rjúpnaráðstefnu 5. október síðast liðinn og er félagið að vinna upplýsingar út frá þeim staðreyndum sem þar komu fram. Þessar upplýsingar, auk skoðanakönnunar veiðistjóra sem nú er að ljúka og talninga næstkomandi vor, munu veita enn frekar upplýsingar um rjúpnaveiðar og ástand stofnsins og út frá þeim upplýsingum verður þá hægt að athuga aðrar aðferðir en þær sem nú hafa komið fram til veiðistjórnunar.

Sigmar B. Hauksson
formaður SKOTVÍS

Skotveiðifélag Íslands
Laugavegur 103, 105 Reykjavík